

Fundargerð 9. fundar stjórnar SSA 16. maí 2017

Fundurinn hófst kl. 12.45 í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Hákon Hansson, Sóley Dögg Birgisdóttir, Margrét Guðjónsdóttir, Gunnar Jónsson, Jón Björn Hákonarson og Stefán Grímur Rafnsson.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 8. stjórnarfundum SSA lögð fram til samþykkis. Fundargerð 11. fundar stjórnar SvAust ehf. lögð fram til kynningar.
2. Fundargerðir frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Eyþingi og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Lagt fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur. Lagt fram til kynningar og eftir atvikum afgreiðslu.
 - a) Umsögn frá HAUST um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. ***Í ljósi lagabreytinga og framkomnum lagafrumvörpum á undanfórnum misserum, telur stjórn SSA einsýnt að lítið eða ekkert samhengi sé milli yfirlýsinga ríkisvaldsins um styrkingu byggðar um land allt og raunverulegra aðgerða í þá átt. Of margar tillögur um valdsvið/verksvið ríkisstofnana bera að sama bruni, þ.e. veikja starfsemi stofnana á landsbyggðinni og færa verkefni til stærri miðlægra stofnana. Stjórn SSA telur að þetta sé afar óheillavænleg þróun og skorar á alþingismenn og ráðherra að huga að þessu í vinnu við lagafrumvörp og lagabreytingar. Verði ekki breyting á mun fótunum smám saman verða kipt undan búsetumöguleikum utan stór Reykjavíkursvæðisins.***
 - b) Ársskýrsla Landsvirkjunar.
 - c) Bókun bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar.
 - d) Bókun hreppsnefndar Borgarfjarðar.
 - e) Bókun bæjarráðs Fljótsdalshéraðs.
 - f) Íbúðalánasjóður um stofnframlög.
 - g) Bréf frá Ungu Austurlandi.
 - h) Vorþing sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins.
 - i) Kerfisáætlun 2017-2026 – Verkefnis- og matslýsing.
 - j) Tilnefning í skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum. SB leggur til að fulltrúar SSA í nefndinni verði Skúli Björn Gunnarsson og Anna Björk



Guðjónsdóttir. Til vara verði Stefán Grímur Rafnsson og Elfa Hlín Pétursdóttir. Formanni falið að ræða við viðkomandi aðila og verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að tilkynna um tilnefninguna til fagráðuneytis sem staðfest verður á aðalfundi SSA í haust.

k) Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármálaáætlun. **Stjórn SSA tekur heilshugar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, ekki síst hvað varðar kaflann um málaflokkinn sveitarfélög.**

l) Úthlutun húsasjóður.

2. Fulltrúar frá Vopnafjarðarhreppi og Borgarfjarðarhreppi. Gestir: Jakob Sigurðsson, oddviti Borgarfjarðarhrepps, Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps og Eyjólfur Sigurðsson. ÓÁR greindi frá áhyggjum manna almennt af starfsvæði SSA, Djúpavogshreppur farinn að ræða í suður og Vopnfirðingar í auknu samstarfi norður eftir. Ef breytingar yrðu í þá veru að þessi sveitarfélög færu út úr SSA, myndi það veikja mjög svæðið. Hann lýsti yfir ánægju með vinnu við svæðisskipulag og áfangastaðinn sem sýndi að Austurland gæti unnið vel saman. Áhugi heimamanna virðist þó frekar vera í norður, þó eru engin formleg áform um sameiningar. Finnafjarðarverkefnið dregur sveitarfélögin þó saman sem og ferðapjónustuverkefni, þá er eitthvað um að t.d. Bakkfirðingar sækji þjónustu til Vopnafjarðar. Mikil ánægja með framhaldsskóladeildina en unga fólkið sækir einnig framhaldsskóla frekar norður en til Egilsstaða eða á Norðfjörð. ES ræddi einnig í sögulegu tilliti um mögulega gangnagerð til Vopnafjarðar og stuðning við hana, Háreksstaðaleiðin hafi kæft þá umræðu. Göng myndu hins vegar klárlega bæta samganginn á milli Vopnafjarðar og miðsvæðis.

JS tók undir orð um gott starf SSA og Austurbrúar en vissulega yllu sameiningarviðræður Djúpavogsbúa suður á bóginn áhyggjum. Mögulega þyrftu menn að taka aftur upp viðræður um Austurland sem eitt sveitarfélög. Aðspurður sagði hann rekstur skóla og leikskóla vissulega mjög dýran fyrir sveitarfélagið en án þessara stofnana væri búseta á svæðinu í hættu. Ferðamennskan hefur tilfínanlega aukist en samgöngurnar há frekari aukningu. Sjávarútvegurinn er stöndugur á Borgarfirði.

Fundarmenn voru sammála um að öflugar samgöngur væru grundvöllur þess að hægt væri að skoða frekari sameiningar sem og að þeim fylgi fjármagn, sömuleiðis þarf að taka húsnæðismálin föstum tókum. Ekki mikil ásókn í laus störf hér. Vaxandi þrýstingur á ódýrari samgöngur við höfuðborgarsvæðið. GJ taldi tímabært að menn færu að horfa blákalt á mannfjöldapróunina á Austurlandi og hvernig eigi að mæta því. ÓÁR tók undir að brýnt væri að tryggja faglegt bakland, annars fengist fólk ekki til starfa. SB áréttaði að sveitarfélögin mættu ekki óttast breytingar, þau yrðu að standa saman til að komast af. MG sagði sveitarfélögin þurfa sannarlega að standa saman um samgöngumálin, Seyðfirðingar væru nokkuð bitrir yfir þróuninni



undanfarin ár. Spurt var um flugið til Vopnafjarðar og stöðu þess. Ekki búið að semja enn um það. ES benti á að íbúar á Þórshöfn væru með ríkisstyrkt flug og ríkisstyrktar almenningsamgöngur á landi, slíkt hlyti að geta átt við um Vopnafjörð líka. JS taldi brýnt að standa vörð um jaðarsveitarfélögin, þau eru starfssvæði SSA og Austurlandi mjög mikilvæg. Hlúa þurfi að auknu samstarfi, þannig verði íbúarnir einnig tilbúnari fyrir sameiningar.

3. Sóknaráætlun.

1. Viðbótarframlög til samningsins. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að ganga frá tillögum að áhersluverkefnum til að senda til stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál til staðfestingar.
2. Lokaskýrslur menningarmiðstöðva. Stjórn SSA samþykkir fyrir sitt leyti skýrslurnar.
3. Endurskoðun sóknaráætlunar. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að vinna tillögu að uppfærðri útgáfu sóknaráætlunar ásamt greinargerð um endurskoðunina fyrir næsta stjórnarfund.
 - a) Niðurstöður opinna funda.
 - b) Athugasemdir sem borist hafa.
4. Bréf frá Skaftfelli. Lagt fram til kynningar.
5. Þjónustusamningur vegna áhersluverkefnis um hönnun áfangastaðarins Austurlands. Verkefnisstjóra falið að vinna drög að nýjum þjónustusamningi við Austurbrú, vegna breytts eignarhalds verkefnisins.

4. Almenningsamgöngur

1. Frumvarp um fólks- og farmflutninga. Lagt fram til kynningar.

5. Innri málefni.

1. Svæðisskipulag Austurlands. Staða. Gestur: Skarphéðinn Smári Þórhallsson, verkefnisstjóri svæðisskipulags. SSP greindi frá stöðu mála gagnvart Skipulagssjóði er varðar fjárhagsáætlun og annað tengt skipulagslýsingu á einstökum verkefnum. Hann fór sömuleiðis yfir verkþætti sem framundan eru, svo sem ritun umhverfismats sem verður að vinnast af skipulagsfræðingi, o.fl. Einnig hugmyndir hans um starfshlutfall. Framkvæmdaráði falið að vinna málið áfram.
2. Drög að dagskrá aðalfundar SSA 2017. Lagt fram til kynningar.
3. Gerð sameiginlegrar húsnaðisáætlunar á Austurlandi. Verkefnisstjóra falið að fylgja málinu eftir.
4. Birting fundargagna stjórnarfundar á vef SSA. Stefnt verði að því að fundargögn verði birt á vef SSA frá og með nýju starfsári, að loknum aðalfundi.
5. Málþing um skipulag haf- og strandsvæða. Lagt fram til kynningar.
6. Minnisblað til stjórnar. Lagt fram til kynningar.



6. Önnur mál.

1. Óskir um umsagnir þingmála. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að vinna umsagnir í samræmi við ákvörðun stjórnar (skipulag haf- og strandsvæða, skógrækt, landgræðsla).
2. Sjúkrabýrlur á Austurlandi. Lagt fram til kynningar.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 20. júní kl. 12.30 á Egilsstöðum.

Fundi slitið kl. 16.20.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Gunnar Jónsson

Hákon Hansson

Sóley Dögg Birgisdóttir

Margrét Guðjónsdóttir

Stefán Grímur Rafnsson

